

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 6. apríl 2021 – skipulagslýsing vegna Gufuness, samgöngutengingar. Sjá nánar á <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/gufunes-samgongutengingar>

Góðan dag,

Á fundi borgarráðs 25. mars 2021 var lögð fram skipulagslýsing umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 19. mars 2021 fyrir nýtt deiliskipulag. Um er að ræða tæplega 20 hektara svæði og er markmið skipulagsins m.a. að festa inn á deiliskipulag bráðabirgðatengingar fyrir innanhverfisveg og stígatengingar frá Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi, ásamt því að tryggja góð tengsl við umhverfið með fyrirkomulagi stíga, gatna og opinna svæða. Hafa þarf í huga fyrirhugaða legu Sundabrautar við skipulagsvinnuna. Jafnframt verður Hallsteinsgarður og nærumhverfi fest í sessi inn á deiliskipulag.

Lýsingin var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 5. maí 2021.

Samþykkt var að leita umsagna um lýsinguna hjá eftirfarandi aðilum/stofnunum: hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Borgarsögusafni Reykjavíkur, OR/Veitum, Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar USK, Skrifstofu Umhverfisgæða USK, Íbúaráði Grafarvogs, Vegagerðinni og Listasafni Reykjavíkur.

Lýsingin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is undir skipulag í kynningu

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is